

# Bláskógafréttir

23. árgangur 6. tbl. Júní 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir  
A.b.m: Asta Stefánsdóttir

## Sumarlokun á skrifstofu Bláskógabyggðar

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Bláskógabyggðar

lokuð frá 8. júlí til og með 2. ágúst 2024

Hægt er að senda tölvupóst á [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is)



## Bridgeárið 2023-2024

Nú er vetrarstarfi í bridge lokið, með tilheyrandi verðlaunaafhendingu og aðalfundi félagsins. Veitt voru verðlaun fyrir aðaltvímennning, tvenndarkeppni og sveitakeppni.

Nú hefur orðið mikil aukning spilara þetta árið og horfum við full bjarsýni á komandi haust, að það verði fleiri sem muni bæstast í hópinn.

Við heiðruðum tvo stofnfélaga með blómum, en þeir eru Garðar Olgeirsson Hellisholtum og Guðmundur Böðvarsson Syðra-Seli.

Nú í haust stendur til að fara með fræðslu og kennslu í 8. 9. og 10. bekk grunnskólans. Fræðslan á svo að verða áfram næstu ár. Einnig stefnum við að því að hefja nýliðabridge í haust ef þátttaka næst.

Þetta er góð heilaleikfimi sem og góður félagsskapur bæði fyrir unga jafnt sem aldna. Elsti keppandinn í okkar hópi er á tíræðisaldri.



## Oddvitapistill

Ársreikningur Bláskógabyggðar fyrir árið 2023 var samþykktur 15. maí sl. eftir tvær umræður í sveitarstjórn. Helstu niðurstöður ársreikningsins eru þær að rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, A-og B- hluti, var jákvæður um 75,3 milljónir króna. A-hlutinn skilaði 51,7 milljón króna rekstrarafgangi. Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld nam 358,8 milljónum. Fjármagnsgjöld námu 155,7 milljónum, afskriftir 110,1 milljón og tekjuskattur 17,6 milljónum. Heildartekjur sveitarfélagsins voru 2.622,7 millj.kr. Sem fyrr voru fræðslu- og uppeldismál sá málaflokkur sem tekur mest til sín í rekstri sveitarfélagsins eða rétt rúman milljarð, næst á eftir koma æskulýðs- og íþróttamál með 175,2 milljónir, félagsþjónustan með 95,3 milljónir. Rétt er að taka fram að rekstur allra byggðasamlaga og samstarfsverkefna eru tekin inni ársreikninginn. Þá kemur fram í ársreikningnum að starfsmenn eru í árslok 129 í 81 stöðugildi, inni þessari tölu er hlutdeild Bláskógabyggðar í öllum byggðasamlögum og samstarfsverkefnum. Dæmi um byggðasamlög og samstarfsverkefni er Tónlistarskólinn, Brunavarnir, UTU og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Það er gaman að segja frá því að skuldahlutfall og skuldaviðmið lækka á milli árunna 2022 og 2023. Skuldahlutfall lækkar úr 95,5% í 86,7% á milli ára og skuldaviðmiðið lækkar úr 64% í 59% á milli ára. Inni í þessum tölum er hlutdeild okkar í skuldum byggðasamlaga. Fjárfestingar á árinu 2023 námu 324,7 milljónum króna.

Til að skýra muninn á milli A- og B- hluta í rekstri sveitarfélagsins að þá eru í A-hluta aðalsjóður, eignasjóður og þjónustumiðstöð. Þessar rekstrareiningar eru fjármagnaðar að hluta eða öllu leyti með skatttekjum. Í B-hluta eru vatnsveita, Bláskógaveita, Bláskógaljós, leiguíbúðir, félagslegar íbúðir og fráveita. Þessar rekstrareiningar eru reknar með innheimutu á þjónustugjöldum.

Rekstur sveitarfélagsins gengur ágætlega en það er mikilvægt að gæta aðhalds á öllum sviðum. Við erum á miklu uppbyggingartímabili, við erum að byggja upp og styrkja alla okkar innviði til framtíðar enda er okkur alltaf að fjölga en samkvæmt Þjóðskrá eru íbúar Bláskógabyggðar nú 1.467.

Bláskógaveita hefur auglýst útboð vegna borunar eftir heitu vatni. Um er að ræða tvær vinnsluholur, eina í Reykholti og eina á Laugarvatni. Verklök eru áætluð 20. sept. nk. Ísor hefur unnið ákveðna rannsóknar- og undirbúningsvinnu og er staðsetning þessara vinnsluholna ákveðin eftir þá vinnu. Það er óskandi að þessar boranir skili góðum árangri enda er þörfin eftir meira af heitu vatni til staðar á báðum stöðum.

Fyrir stuttu síðan voru lóðir við 3. áfanga við Borgarríma í Reykholti auglýstar lausar til úthlutunar. Mikil ásókn var í þessar lóðir og fengu færri en vildu úthlutaðri lóð. Samtals var lóðum fyrir 26 íbúðum úthlutað. Öllum lóðum í þessum áfanga er því búið að úthluta og því liggur fyrir að hefjast verður handa við að skipuleggja næsta áfanga gatnagerðar í Borgar- og Tunguríma.

Framkvæmdir eru á fullu á vegum sveitarfélagsins þessa dagana, gaman er að geta þess að miklar malbiksframkvæmdir eru fyrirhugaðar í sumar. Leggja á malbik á Traustatún á Laugarvatni og á Borgar- og Tunguríma í Reykholti. Búið er að leggja malbik á Skólatúnið á Laugarvatni. Allar þessar framkvæmdir munu breyta miklu fyrir ásýnd gatnanna og þá sem búa við þessar götur.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

### Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**  
s:865-4393 eða netfang [ellisifmb@gmail.com](mailto:ellisifmb@gmail.com).

### Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabyggd

### Grastorf til sölu.

Afhendist á Hjálmsstöðum í rúllum sem eru 10 - 20 fm að stærð. Verð  
650 kr.fm. + vsk.

Daníel Pálsson, 868-3037, Hjálmsstöðum

# M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

**Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664**

## Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla  
Opíð er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.  
Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja  
við á skólatíma.



## Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í júlí 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. júlí 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is) eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.  
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.**

**Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.**

**Lyfjaendurnýjun er á [heilsuvera.is](http://heilsuvera.is)**



Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímarpantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



## Bláskógabyggð

### Opnunartími gámastöðvanna

|              | Heiðarbaer    | Lindarskógar  | Vegholt       |
|--------------|---------------|---------------|---------------|
| Mánudagur    | Lokað         | 10:00 - 13:00 | 14:00 - 17:00 |
| Þriðjudagur  | 10:00 - 12:00 | Lokað         | 14:00 - 17:00 |
| Miðvikudagur | Lokað         | 10:00 - 13:00 | 14:00 - 17:00 |
| Fimmtudagur  | 14:00 - 16:00 | 10:00 - 13:00 | Lokað         |
| Föstudagur   | Lokað         | 14:00 - 17:00 | 10:00 - 13:00 |
| Laugardagur  | 10:00 - 12:00 | 13:00 - 15:00 | 16:00 - 18:00 |
| Sunnudagur   | Lokað         | Lokað         | Lokað         |

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.

## Íþróttamiðstöðin í Reykholti Vetraropnun

14. ágúst 2023 – 17. maí 2024



Mánudaga 14:00 – 20:00

Þriðjudaga 14:00 – 22:00

Miðvikudaga 14:00 – 20:00

Fimmtudaga 14:00 – 22:00

Föstudaga 13:00 – 17:00

Laugardaga 10:00 – 18:00

Sunnudaga lokað

Sundlaug, heitur pottur, vaðlaug, vatnsrennibraut, kalt ker, þrek- og íþróttasalur. Opið er í tækjasal mánudaga til laugardaga frá 10:00 til lokunartíma sama dags.

## The Sport Center in Reykholt

### Opening hours during winter

14. August 2023 - 17. May 2024



Mondays 14:00 – 20:00

Tuesdays 14:00 – 22:00

Wednesdays 14:00 – 20:00

Thursdays 14:00 – 22:00



Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



## Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: [vidhald.drattur@gmail.com](mailto:vidhald.drattur@gmail.com)

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

**HÓLABÚÐIN**

Opnunartími verslunar er

|                |       |
|----------------|-------|
| Mán-miðvikudag | Lokað |
| fimmtudag      | 13-17 |
| Föstudag       | 13-18 |
| Laugardag      | 12-17 |
| Sunnudag       | Lokað |



Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.



BLÁSKÓGABYGGÐ



Hrunamannahreppur



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR



Skeiða- og  
Gnúpverjahreppur

## Multiculturalism in Uppsveitir Árnassýsla

Join us in a project that promotes the inclusion of all residents, regardless of origin.

Workshops in June:

- 12<sup>th</sup> of June – Community Center in Flúðir - Hrunamannahrepp - At - 6 pm – 8 pm
- 19<sup>th</sup> of June – Community Center in Borg - Grímsnes- og Grafningshreppur - At - 6 pm – 8 pm
- 20<sup>th</sup> of June – Community Center Aratunga - Bláskógabyggð- At - 6 pm – 8 pm (Each workshop is a standalone event)

Please answer the survey: <https://forms.office.com/e/1Gz50R8fM>

**Together we make the community better!**

## Fjölmenning í Uppsveitum Árnassýslu

Komdu og taktu þátt í verkefni sem stuðlar að inngildingu allra íbúa, óháð uppruna.

Vinnustofur í júní:

- 12. júní – Félagsheimilið á Flúðum í Hrunamannahreppi kl. 18-20
- 19. júní – Félagsheimilið á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi kl. 18-20
- 20. júní – Félagsheimilið Aratungu í Bláskógabyggð kl. 18-20 (Hver vinnustofa er sjálfstæður viðburður)

Vinsamlegast svarið könnuninni: <https://forms.office.com/e/1Gz50R8fM>

**Saman gerum við samfélagið betra!**



# Frisbígolf og frískur hópur ungmenna

Margt hefur drifið á daga okkar starfsfólks Landsvirkjunar á Sogssvæði að undanfögnu og margt er í bígerð. Eins og undanfarin sumur gengur til liðs við okkur kraftmikill hópur ungs og efnilegs fólks sem blæs svo sannarlega lífi í starfseminu. Á meðal verkefna ungmennanna er að sjá um nýja frisbígolfvöllinn, sem við vonum að eigi eftir að slá í gegn.

## Golfvöllinum breytt í frisbígolfvöll

Ákveðið hefur verið að breyta golfvöllinum í Soginu í frisbígolfvöll. Frisbígolf er skemmtileg íþrótt sem hefur notið aukinna vinsælda á Íslandi að undanfögnu. Íþróttin er stunduð með sérstökum frisbídiskum og er mjög aðgengileg fyrir breiðan aldurshóp.

Völlurinn verður mjög vel útbúinn með 18 holum, auk 9 holu upphitunarvallar sem er sérstaklega hentugur fyrir yngstu spilarana. Hægt er að spila frisbígolf allt árið um kring og verður völlurinn í Soginu opin og aðgengilegur allt árið.

Stefnt er að því að opna völlinn formlega upp úr miðjum júní, en þá verður tilvalið að koma með alla fjölskylduna, spila einn hring og skoða Orkusýninguna í Ljósafossi sem verður eins og undanfarin sumur opin alla daga frá klukkan 10-17. Opnunardagur verður auglýstur þegar nær dregur.




Íþróttamannvirki Bláskógabyggðar  
Laugarvatni  
S. 480 3041

## Opnunartímar

| Sundlaug  | Preksalur                               |
|---|---|
| Mánudag - Miðvikudags:<br>13:00 - 21:00               | Mánudag - Fimmtudags:<br>10:00 - 22:00  |
| Fimmtudaga:<br>15:00-21:00                            | Föstudaga :<br>10:00 - 18:00            |
| Föstudaga,<br>Laugardaga & Sunnudaga<br>13:00 - 18:00 | Laugardaga & Sunnudaga<br>13:00 - 18:00 |

Velkomin á Laugarvatn



## Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang [emmcemm@gmail.com](mailto:emmcemm@gmail.com)





17 júní  
á Langarvatni

SKRÚÐGANGA FRÁ GRUNNSKÓLANUM  
KL 13:30 OG Í KJÖLFARIÐ VERÐA  
HÁTÍÐARHÖLD VIÐ HÉRAÐSSKÓLANN.  
ANDLITSMÁLNING OG BLÖÐRUR VIÐ  
SKÓLANN FYRIR GÖNGU FRÁ KL. 13

**FJALLKONA -BLÖÐRUR- HOPPUKASTALI-  
HÁTÍÐARRÆÐA -FÁNAKVEÐJA-  
ANDLITSMÁLNING -SÁPUKÚLUR- LEIKIR-  
SUNDLAUGARDISKÓ- BÁTAFERÐIR -  
VÖFFLUKAFFI KVENFÉLAGSINS KL. 14:30**

Allir velkomnir!

UNGMENNAFÉLAG LAUGDÆLA  
PLANET LAUGARVATN  
KVENFÉLAG LAUGDÆLA  
LIONSKLÚBBUR LAUGARDALS  
BJÖRGUNARSVEITIN INGUNN  
HÉRDASKÓLINN AÐ LAUGARVATNI

Nánari  
tímasetningar  
auglýstar á  
facebook síðar



June 17.  
Icelandic national day  
at Langarvatn

THERE WILL BE A PARADE FROM THE  
ELEMENTARY SCHOOL AT 13:30,  
FOLLOWED BY A CELEBRATION AT  
HÉRAÐSKÓLINN.  
FACE PAINTING AND BALLOONS AT  
THE SCHOOL FROM 13.

**LADY OF THE MOUNTAIN -  
BALLOONS - SOAP BUBBLES -  
GAMES - BOUNCY CASTLE - COFFEE  
SHOP - CELEBRATION SPEECH -  
FLAG SALUTE - FACE PAINTING -  
POOL PARTY- BOAT TRIPS ON THE  
LAKE**

Everybody is welcome!

UNGMENNAFÉLAG LAUGDÆLA LIONSKLÚBBUR LAUGARDALS  
PLANET LAUGARVATN BJÖRGUNARSVEITIN INGUNN  
KVENFÉLAG LAUGDÆLA  
HÉRADSKÓLINN AÐ LAUGARVATNI